

**FJÁRAUKALÖG**

fyrir árið 1969.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

	Dús. kr.
Til viðbótar við gjöldin í 2. gr. fjárlaga 1969 er veitt:	
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi .....	44
01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið .....	81 790
02 Utanríkisráðuneytið .....	18 026
03 Atvinnumálaráðuneytið .....	170 111
04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið .....	28 955
05 Félagsmálaráðuneytið .....	143 178
06 Fjármálaráðuneytið .....	45 648
07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið .....	176 881
10 Ríkisendurskoðun .....	1 000
<b>Samtals</b>	<b>665 633</b>

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

Nr. 32.

19. maí 1972.

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

7. gr. orðist svo:

1. Þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað gjaldþrotaskipti, tekur hann, svo fljótt sem unnt er, til nánari athugunar gögn þau, sem fram eru komin, sbr. 3. gr., og aflar viðbótargagna, ef þurfa þykir. Rannsókn skal beinast að því að afla upplýsinga um eignir þrotamanns og um fjárreiður hans fyrir gjaldþrotið, svo og hvort líkur eru til, að um refsivert athæfi sé að ræða í sambandi við það.

2. Í því skyni er þrotamanni og öðrum, sem hlut eiga að máli, skylt að láta í té:

- Bókhaldsgögn þrotamanns, ef til eru, eða önnur gögn, er skiptaráðandi telur geta skipt máli.
- Skattskýrslur þrotamanns fyrir tvö síðustu ár fyrir gjaldþrot — og eldri, ef efni eru til.